

SFR-BLADID

1. tölublað 50. árgangur janúar 2008



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

Landspítalinn

Urgur meðal læknaritara

- Gott að vita
- Launakönnun
- Páskaúthlutun

*SFR sendir félagsmönnum
öllum og fjölskyldum þeirra
bestu kveðjur á nýbyrjuðu ári*





Er einkavæðing Landspítalans komin í gang?

Nýjustu fréttir frá Landspítala - háskólasjúkrahúsi vekja athygli. Þar eru uppi hugmyndir um að úthýsa lækningarituninni. Að semja við einkafyrirtæki um að það sjái um lækningaritunina við spítalanum.

Það eru ýmsar áleitnar spurningar sem vakna við þessar fréttir. Hvað með vernd einstaklinganna, sjúklinganna sem er verið að skrá í sjúkaskýrslur? Verða þær upplýsingar tryggar í höndum einkaaðila sem fyrst og fremst eru að hugsa um eigin hag og gróða? Hefur Persónuvernd gefið leyfi fyrir þessu?

Hvað verður um lækningaritarana sem nú vinna við þessi störf á spítalanum? Þegar sviðstjórinn á slysa- og bráðasviði var spurður um þetta, en það er einmitt á bráðasviðinu sem á að byrja og gera „tilraunina“, þá svaraði hann því m.a til að þarna sæju þeir ákveðið tækifæri fyrir fólk að stofna fyrirtæki þar sem það gæti tekið þennan þátt lækningaritarastarfanna að sér og að fólk geti aflað sér betri tekna með þessum hætti. Hvernig á það að ganga fyrir sig? Vill spítalinn borga betur fyrir þessa vinnu ef eitthvað fyrirtæki úti í bæ tekur þetta að sér? Nei, svarið er að þá er hægt að gera hlutina hagkvæmari og látið að því liggja að lækningaritarar séu ekki að vinna þetta á hagkvæmasta hátt nú hjá stofnuninni. Eru yfirmenn spítalans að taka þátt í þeim ljóta leik að segja að ríkisstarfsmenn séu latir og vinna þeirra óhagkvæm? Hvað með núverandi réttindi lækningaritara sem þeir hafa unnið sér inn í

gegnum árin? Lífeyrissjóðsréttinn sem þeir hafa áunnið sér hjá Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Á að skera á hann og með því rýra hann hjá einstaklingum sem hafa unnið í fjölda ára hjá spítalanum og byggt upp sinn lífeyrisrétt? Það er mörgum spurningum ósvarað og yfirmenn spítalans verða að svara þeim.

Eða er tilgangurinn með þessu brótti kannski allt annar en látið er í ljós? Er hann kannski fyrst og fremst að höggva skarð í starfsemi spítalans og byrja að einkavæða einstaka þætti og svo koll af kolli? Það virtist að minnsta kosti ekki vefjast neitt fyrir Niels Christian Nielsen, aðstoðarmanni lækningaforstjóra, í viðtali í fréttatíma Stöðvar 2 hinn 7. janúar sl. Þegar hann var spurður hvort þetta væri skref í átt að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu svaraði hann: „Ja, nú erum við að taka eitt skref í einu, við skulum sjá fyrst hvort þetta gengur upp hjá okkur og hvort allra öryggisþátta og þeirra þátta sem við höfum, sem við berum fyrir brjósti, hvort það gengur upp og þá gæti þetta orðið skref í þá áttina.“

Úthýsing lækningaritarinnar á spítalanum er sem sagt fyrsta skrefið í einkavæðingu spítalans. Viljum við þetta? Þegar þjóðin er spurð er svarið alltaf eins, hún vill að heilbrigðiskerfið sé hluti af almannajónustunni. Hún vill ekki einkavæðingu þess. Þá er spurningin í hvers umboði eru stjórnendur Landspítala - háskólasjúkrahúss að starta einkavæðingu á heilbrigðiskerfinu?

SFR-BLADID

Ábyrgðarmaður: Árni Stefán Jónsson.

Ritnefnd: Birna S. Karlsdóttir, Friðrik Atlason,

Guðmundur Garðar Guðmundsson,

Guðrún Valgerður Bóasdóttir og Svala Norðdahl.

Umsjón: Jóhanna Þórdórsdóttir, Þórarinn Eyfjörð

og Sævar Guðbjörnsson.

Umbrot: Bláðasmiðjan.

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja.

Skrifstofa SFR er 4. hæð á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.

Sími 525-8340. Bréfasími 525-8349.

Opið virka daga kl. 8.30 -16.30 nema föstudaga til kl. 16.

Símatími kl. 9-16.

Netfang sfr@sfr.is

Veffang www.sfr.is.

ISSN númerið er 1670-5874.



Starfsmenn skrifstofu SFR

Anna Dóra Þorgeirsdóttir verkefnastjóri

dora@sfr.is

Guðlaug Hreinsdóttir, verkefnastjóri

gulla@sfr.is

Guðný Elísabet Leifsdóttir fjármálastjóri

gudny@sfr.is

Guðrún Halldóra Sveinsdóttir

gudrun@sfr.is

verkefnastjóri kjarasviðs

Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir verkefnastjóri

katrin@sfr.is

Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri

johanna@sfr.is

Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri

thorarinn@sfr.is

Stjórn SFR

Árni Stefán Jónsson formaður

arni@sfr.is

Guðlaug Þóra Marinósdóttir

gulla@mat.is

Guðmundur Garðar Guðmundsson

gumgar@simnet.is

Guðrún Bjarnadóttir

gb@os.is

Halldóra Guðmundsdóttir

halldgud@landspitali.is

Ína Halldóra Jónasdóttir

ina@tr.is

Katrín G Einarsdóttir

katringe@hive.is

Kolbrún Kristinsdóttir

kolbrun@ils.is

Páll Svavarsson

palls@hafro.is

Svala Norðdahl

svala@sfr.is

Fjölbreytt úrval spennandi og skemmtilegra námskeiða við allra hæfi

Computer and office courses for beginners and advanced users

SKRIFSTOFUNÁM

Tölvu- og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðuð 200 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu (ECDL). Námið er metið til eininga. Hefst 7. febrúar. Kennt er þrisvar í viku, val um kvöld eða morguntíma.

Verð: 153.000,- Allar kennslubækur innifaldar. Ýmsir greiðsluskilmálar.

Bókhald 1

Sérlega hagnýtt 100 std. námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tókum á bókhaldinu. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald. Kennt er þrisvar í viku, val um kvöld eða morguntíma. Verð: 94.000,- Allar kennslubækur innifaldar. Ýmsir greiðsluskilmálar.

Bókhald 2

Hentar þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið Bókhaldi 1 eða Tölvu- og bókhaldsnámi. Lengd 32 std. Verð: 36.000,-

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið um allt er varðar innflutningsreglur og gerð tollskýrslna. Lengd 21 std. Verð: 28.000,-

VAKTAVINNUFÓLK

Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.

HAGNÝT TÖLVUNÁMSKEIÐ

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Windows, Word, Internet og tölvupóstur.

Almennt tölvunám

Fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og vilja auka öryggi sitt, færni og hraða. Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur. Lengd 63 std. Verð: 44.900,-

ECDL tölvunám.

Alþjóðlegt tölvunám. Hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Lengd 84 std. Verð: 65.000,-

Vefsíðugerð 1

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Photoshop og Dreamweaver. Lengd 47 std. Verð: 49.000,-

Stafrænar myndavélar

Stutt námskeið fyri byrjendum. Helstu stillingar myndavéla, flutningur og skipulag myndasafns í tölvu, lagfæringar, prentun, myndir sendar í tölvupósti, brennsla CD ofl. Lengd 14 std. Verð: 15.000,- Kennslubók á íslensku innifalinn.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Sjá ítarlega lýsingu og stundaskrá á heimasíðu skólans.

- MCP XP
- MCSA
- Photoshop
- Dreamweaver
- Vefsíðugerð framhald
- Grafísk hönnun
- Word grunnur og framhald
- Excel grunnur og framhald
- Internet og tölvupóstur
- Outlook
- PowerPoint
- Access
- Navision



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

Efnahagshorfur við upphaf kjarasamninga

Kjarasamningar flestra aðildafélaga BSRB renna út á þessu ári. Samningar stéttarfélaganna sem semja við ríki munu flestir renna út á vor-mánðum og meðal þeirra er samningur SFR - stéttarfélags í almannajónustu, sem er stærsta einstaka aðildarfélagið innan BSRB.

Gildistími kjarasamnings SFR og ríkissjóðs er frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2008. Samningurinn hefur því verið í gildi yfir stóran hluta af því tímabili sem margir hafa kallað umbrotatíma í íslensku efnahagslífi. Við upphaf síðasta samningstímabils voru aðstæður í íslensku efnahagslífi nokkuð góðar. Miklir uppgangstímar voru í þjóðfélaginu og hafði hagvöxtur verið yfir 7,5% á árinu 2004 og útlit var fyrir mikinn hagvöxt á árinu 2005. Atvinnuleysi var um 3% í upphafi árs 2005 og fór lækkandi með aukinni spennu á vinnumarkaði. Verðbólga hafði hins vegar aukist í kjölfar penslu og vísitala neysliverðs hafði hækkað um rúmlega 4% á undangengnum 12 mánuðum áður en samningur tók gildi. Fæstir áttu þó von á eins langvarandi verðbólgu og síðar kom á daginn sem má að stórum hluta rekja til stóriðjuframkvæmda og hækkandi húsnæðisverðs í kjölfar betri og hagstæðari aðgangs að langtímahúsnæðislánum. Gríðarleg hækkun húsnæðisverðs og hlutabréfaverðs ytti undir bjartsýni neytenda og vöxt einkaneyslu sem stuðlaði að enn frekari verðbólguþrýstingi.

Til að sporna við verðbólgu hóf Seðlabankinn að hækka stýrivexti sína í maí 2004 og hafa stýrivextir bankans hækkað 19 sinnum með reglulegu millibili frá þeim tíma og standa þeir nú í 13,75% sem er með því hæsta sem þekktist innan þróaðra ríkja.

Verðbólga mældist tæplega 6%

Ef litið er yfir stöðu efnahagsmála nú, rétt fyrir samninga, er ljóst að staðan í þjóðarbúskapnum er töluvert verri en fyrir síðustu samninga. Verðbólga mældist tæplega 6% við lok árs 2007 og reiknað er með að undirliggjandi verðbólga sé ívið meiri. Þá hafa vextir hækkað verulega hvort sem litið er til vaxta á skammtíma- eða langtímalánum og hefur aðgangur að lánsfé versnað. Áhugaverðum fjárfestingakostum hefur því fækkað jafnhliða óhagstæðari aðgangi að lánsfé, sem hefur leitt til minni fjárfestinga fyrirtækja jafnt sem einstaklinga.

Hækkandi stýrivextir hafa aukið vaxtamun við útlönd og hefur krónan því orðið áhugaverður fjárfestingakostur hjá ýmsum erlendum aðilum. Í kjölfar þess hafa gengissveiflur aukist töluvert frá árinu 2006. Að undanfögnu hefur dregið úr hækkun húsnæðisverðs og lækkaði vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu á milli október og nóvember 2007. Verð hlutabréfa hefur auk þess farið hratt lækkandi á síðustu mánuðum og nú er svo komið að gildi

Ragnar Ingimundarson, hagfræðingur hjá BSRB, skrifar.



úrvalsvísitölunnar er svipað og það var á síðari hluta árs 2006. Líklegt er að í kjölfar lækkunar á hlutabréfum og minnkandi hækkunar húsnæðisverðs muni svartsýni neytenda aukast og draga muni úr einkaneyslu landsmanna sem hefur verið einn af drifkröftum hagvaxtar síðustu ára. Atvinnuleysi hefur farið minnkandi jafnt og þétt og samkvæmt tölum frá Vinnuálastofnun var atvinnuleysi í nóvember rétt um 0,8% sem er með því lægsta sem þekktist. Það er því ljóst að spennu á vinnumarkaði er enn mikil.

Mikil óvissa

Erfitt er að spá fyrir um þróun efnahagsmála á komandi misserum þar sem mikil óvissa er um stöðu þeirra. Flestir eru þó sammála um að minni umsvifa muni gæta í hagkerfinu á næstu misserum vegna lækkandi einkaneyslu og minnkandi atvinnuvegafjárfestinga. Þá er líklegt að atvinnuleysi muni aukast. Flestir

greiningaraðilar gera ráð fyrir að útflutningur muni aukast en innflutningur dragast saman sem leiða muni til lækkandi viðskiptahalla. Umsvif hins opinbera munu líklega aukast nokkuð á árinu sem mun að einhverju leyti koma til móts við kólnun hagkerfisins. Óvissa ríkir hins vegar enn um ýmsa mikilvæga þætti sem gætu breytt framvindu á komandi misserum.

Stöðugleiki forsenda kaupmáttaraukningar

Á sama tíma og spennu ríkir á vinnumarkaði eru flestir kjarasamningar að renna út sem gætu haft áhrif á einkaneyslu og verðbólgu. Óvissa ríkir um hvenær stóriðjuframkvæmdir hefjast og hvert umfang þeirra verður. Mikill tekjuafgangur hefur verið á síðustu árum á ríkissjóði sem gæti leitt til minna aðhalds í ríkisfjármálum. Þá hefur mikil óvissa verið á erlendum mörkuðum sem leitt hefur til erfiðari aðgengis að fjármagni fyrir fyrirtæki. Hlutabréfaverð hefur auk þess lækkað verulega á síðustu mánuðum og hugsanlegt er að eignaverð muni einnig lækka á næstu misserum. Auknar sveiflur á gengi geta haft mikil áhrif á efnahagslífið og skyndileg lækkun á gengi krónunnar myndi að öllum líkindum auka á verðbólguþrýsting.

Af þessu má ráða að komandi kjarasamningar gætu orðið vandasamir vegna þeirrar óvissu sem ríkir. Stöðugleiki í hagkerfinu er ein af burðarstöðum áframhaldandi kaupmáttaraukningar launafólks á komandi misserum. Verðbólga gæti að öðrum kosti hæglega eytt umsömdum launahækkunum og leitt til kaupmáttarrýrnunar með tímanum. Því er ljóst að líta þarf til margra þátta til að tryggja áframhaldandi kaupmáttaraukningu fyrir launafólk og til hversu langs tíma eðlilegt er að semja á óvissutímum sem þessum.

Ýmsar þjóðhagsstærðir

Verðbólga síðastliðna 12 mánuði:	5,9%
Stýrivextir:	13,75%
Atvinnuleysi:	0,8%
Hækkun vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu frá desember 2006:	14,95%
Breyting úrvalsvísitölu OMXI15 á síðustu 12 mánuðum:	-20,5%

Barna- og unglिंगageðdeild – BUGL

BUGL veitir börnum og unglिंगum með geð- og þroskaraskanir margvíslega þjónustu. Starfsemi skiptist í eina göngudeild og tvær legudeildir, barnadeild og unglिंगadeild.

Barnadeildin er ætluð börnum að 13 ára aldri sem þarfnast innlagnar vegna geðræns vanda. Deildin er 5 daga deild, þ.e. lokuð um helgar og hátíðir. Á deildinni er rými fyrir 8

börn hverju sinni og í flestum tilvikum gista þau ekki á deildinni. Sé metið af fagteymi deildar í samvinnu við foreldra að barn þurfi að gista er nauðsynlegt að annað foreldri gisti hjá barni sínu.

Unglिंगadeildin er 7 daga sólarhringsdeild, ætluð unglिंगum 13 til 17 ára sem þurfa innlagnar við sökum geðræns vanda. Deildin

hefur á að skipa fimm rúmum í sólarhringsdvöl og tvö dagdvalarrými.

Göngudeildin veitir börnum og unglिंगum 17 ára og yngri þjónustu vegna geð- og þroskaraskana. Starfsemi göngudeildar er skipt í nokkur teymi, almennt göngudeildarteymi, bráðateymi, fjölskyldumeðferðarteymi, átröskunarteymi og taugasálfræðiteymi.

Ásta Haraldsdóttir

Ég byrjaði hér í afleysingum í sumar en hef nú fengið fastráðningu. Starf mitt felst aðallega í símsvörun og að taka á móti fólki sem hingað á erindi.

Auk þess tek ég að mér ýmis tilfallandi verkefni, t.d. ljósritun og fleira. Ég kann ákaflega vel við mig, hér er góður starfsandi og mér líður vel í þessu starfi.



Heiðrún Kjartansdóttir

Ég starfa hér sem ráðgjafi á barnadeildinni og hef gert frá árinu 2006. Ég hef lokið BA námi í sálfræði og það nýtist mér vel hér. Ég hef gaman af að vinna með börnum og nýt þess að mæta í vinnuna. Við göngum hér morgun- og kvöldvaktir, auk þess sem ég tek öðru hvoru vaktir á unglिंगadeildinni - svona til að drýggja tekjurnar. Mér finnst BUGL góður vinnustaður, hér er góður starfsandi og alltaf nóg að gera.

Ásta Stefánsdóttir

Ég hóf störf fyrir einu og hálfu ári sem ráðgjafi á unglिंगadeildinni og hentar það starf mér mjög vel. Við göngum hér dag- og kvöldvaktir, auk þess sem við tökum næturvaktir öðru hvoru. Við reynum að gera lífið hér sem bærilegast fyrir skjólstaðinga okkar, m.a. með því að fara með þau sem það geta út úr húsi öðru hvoru. Það eru ekki launin sem halda í mann hér, en sem betur fer er starfsandinn góður og einnig margt í boði hér, svo sem gott fræðslustarf.



Svandís Ottósdóttir

Ég hef verið hér á BUGL í rúm tvö ár, en sem lækningaritari í 20 ár á Landspítalanum, var áður á geðsviði. Hér er gott að vera, frábærir samstarfsmenn og vinnuástaðan fín. Það eina sem sem ekki er í lagi eru launin, þau eru afleit. Lækningaritarastarfið er týpískt láglaunakvinnustarf. Það er svo sannarlega kominn tími til að bæta kjör okkar. Ég skil ekki hvernig hægt á að vera að úthýsa störfum okkar og fá fólk úti í bæ til að vinna þessi verk á þeim launakjörum sem við búum við.

Hvaða laun er verið að greiða?

Félagið stendur nú í annað sinn að launakönnun meðal félagsmanna sinna. Launakönnunin er framkvæmd samhliða Stofnun ársins og er það Capacent sem hefur framkvæmdina með höndum. Hvorki SFR né starfsmenn félagsins koma nálægt þeim gögnum sem unnið er með í könnuninni.

Við síðustu launakönnun kom í ljós hversu mikilvægt er að standa reglulega að könnun sem þessari. Fram koma mjög mikilvægar upplýsingar um hvaða laun er í raun verið að greiða og hvernig launin eru samsett. Ennfremur koma afar mikilsverðar upplýsingar fram um almennan launamun og launamun kynjanna.

Launamunur kynjanna

Það hefur lengi verið áhyggjuefni að launamunur kynjanna hafi verið töluverður innan starfsmannahóps ríkisins. Síðasta Launakönnun SFR staðfestir að svo sé. Til að hafa ábyggilega vitneskju um hvort launa-

munur sé að minnka eða aukast er Launakönnun SFR afar mikilvægt verkfæri. Því er það nauðsynlegt að sem flestir félagsmenn taki þátt.

Trúnaður

SFR vill áréttta að alger trúnaður ríkir við framkvæmd könnunarinnar. Mjög ströngum reglum er fylgt af Capacent við úrvinnslu gagnanna og geymslu þeirra. Öllum úrtakslistum er síðan eytt þegar niðurstöður hafa verið birtar og verkefni formlega lokið.

Er mikilvægt fyrir félagsmenn SFR að taka þátt?

Það skiptir öllu máli að sem flestir SFR félagar taki þátt í könnuninni. Í allri kjarabaráttu er nauðsynlegt að hafa sem best og nákvæmst gögn til að vinna með. Launakönnunin veitir okkur öllum mikilvægar upplýsingar um þau laun og starfskjör sem félagsmenn okkar búa við. Því hvetjum við alla félagsmenn að taka þátt í könnuninni.



Fulltrúar í launamálaráði SFR hittust á fundi nýverið þar sem farið var yfir þau mál sem félagið vill leggja áherslu á í komandi kjaraviðræðum.

Launamálaráð SFR skerpir á áherslum

Launamálaráð SFR var kosið þann 8. nóvember síðastliðinn. Í launamálaráði eru stjórn SFR, 20 aðalfulltrúar og 10 varafultrúar. Á starfsdegi þann 30. nóvember fjallaði ráðið um fjölmörg kjaratengd atriði og áhersluþætti fyrir komandi kjarasamninga. Var þar meðal annars rætt um kröfuna um lágmarkslaun á bilinu 200 - 250 þúsund, leiðréttingu á launamun kynjanna, jöfnun launa milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, tryggingu kaupmáttar, tryggingu launaþróunar á samningstíma (launaskrið), samninga

til styttri tíma og fleira. Einnig var fjallað um kjaratengd atriði og vinnufyrirkomulag. Meðal annars var rætt um framlag í Styrktar- og sjúkrasjóð og Starfsmenntunarsjóð. Einnig um veikindarétt og fyrirkomulag vaktavinnu og þær brýnu lagfæringar og breytingar sem þarf að gera á því kerfi. Ráðið ræddi einnig um orlofs- og desemberuppbætur, breytingar á orlofsrétti og skiptingu á milli sumarorlofs og vetrarorlofs, svo fátt eitt sé nefnt.

Þrír vinnuhópar voru skipaðir á vinnufundinum. Hlutverk þeirra hefur verið að vinna frekar með ýmis atriði.

Launamálaráð fundaði 18. janúar síðastliðinn þar sem hóparnir skiluðu af sér og var samþykkt á fundinum að næstu skref er að klára að mótað kröfugerðina fyrir komandi kjarasamningsviðræður. Gert er ráð fyrir að launamálaráð muni svo skipa samninganefnd í febrúar sem verður þá tilbúin til að hefja viðræður um næsta kjarasamning þegar kallið kemur.

Læknaritarar á LSH ósáttir vegna skorts á samráði

Puríður Þórðardóttir, talsmaður læknaritarara á LSH, segir ótrúlegt að yfirstjórn LSH hafi ekki haft samráð við starfandi læknaritarara og fagfélag læknaritarara þegar hún ákvað að gera tilraun með að úthýsa vinnu við færslu sjúkraskráa.

Það sem okkur finnst verst er að við erum ekki hafðar með í ráðum. Okkur finnst komið aftan að okkur í þessu máli. Við fréttum það nánast fyrir tilviljun að til stæði að úthýsa vinnu við sjúkraskrárnar, segir Puríður Þórðardóttir, læknaritari á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Yfirstjórn spítalans hefur boðað að efnt verði til sex mánaða tilraunaverkefnis, þar sem ætlinin er að láta einkaaðila vinna sjúkraskrár fyrir slysa- og bráðasvið LSH.

- Fram að þessu hefur það verið hlutverk læknaritarara sem starfa á spítalanum að færa þessar sjúkraskrár. Hér starfa á annað hundrað læknaritarar, sem hafa sótt sér sérstaka menntun til starfsins, og okkur finnst lítið gert úr störfum okkar og menntun ef hægt er að úthýsa þessum verkum til fyrirtækja úti í bæ, segir Puríður og bætir við að samkvæmt þeirra upplýsingum muni ekki verða gerð krafa um að þeir sem færa skrárnar, ef til kemur, séu menntaðir læknaritarar. Okkur finnst þetta einnig varða hagsmunamál sjúklinga þar sem mikilvægt er að fagaðilar sjái um þessa vinnu. Einnig finnst mér skjóta skökku við að á meðan alls staðar er talað um sparnaðaraðgerðir, ekki megi kaupa aðkeypta hjúkrun o.fl., þá eigi á sama tíma að fara út í að kaupa þessa þjónustu.

Puríður segir sárt til þess að vita að ekki hafi verið leitað eftir samráði við læknaritarana um þetta tilraunaverkefni og þá sérstaklega vegna þess að þeir hafa margoft bent á að í óefni stefndi og leysa yrði úr umtöluðum vanda með óskrifðar skýrslur.

- Við höfum verið opin fyrir því að leysa þessi vandamál og höfum í fartaskinu ýmsar hugmyndir um hvernig spítalinn getur unnið sig út úr þessum vanda, segir hún.

Puríður segir viðvarandi skort á læknariturum á LSH og nánast enga nýliðun vera í stéttinni.

- Læknaritaranamið er okkur óhagstætt. Það fer fram í Fjölbrotaskólanum við Ármúla og gerð er krafa um að þeir sem það stunda



Puríður Þórðardóttir, læknaritari á LSH, segir óforsvaranlegt að fólk sem ekki hefur til þess menntun færi sjúkraskrá. Málið snúist m.a. um hagsmuni sjúklinga og mikilvægi þess að fagaðilar sjái um skráningu sjúkraskráa.

hafi lokið stúdentsprófi. Þannig þurfa þeir sem vilja mennta sig sem læknaritarar að hverfa aftur á fjölbrautaskólastigið. Það finnst ungu fólki ekki spennandi og þar af leiðandi gengur illa að manna stéttina, en í dag eru um 400 læknaritarar starfandi á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum á landinu, segir Puríður.

Aðspurð um stöðu málsins núna segir hún að verið sé að skoða málið í samvinnu við SFR. Meðal annars er verið að skoða hvort starfið sé lögverndað og hvort aðrir en þeir sem hafa aflað sér læknaritaramenntunar megi færa sjúkraskrá. Einnig mun verða haft samband við Persónuvernd og Landlæknisembættið. Hún vonast til þess að stjórnendur LSH hætti við þessa tilraun og hefji þess í stað viðræður við læknaritarara um hvernig þessum málum verði best fyrir komið.

- Við höfum alls ekki neitt á móti því að vinna við sjúkraskrár verði tekin til endurskoðunar hér innan spítalans, en við viljum að þeir læknaritarar sem við þetta starfa í dag fái tækifæri til að taka þátt í þeirri endurskoðun eins og annarri þróun í störfum okkar. Starfið hefur

breyst, m.a. með tilkomu tækninnar. Þar má nefna svokallað fakta-kerfi, sem byggir á því að læknar geta tekið upp símtólið og hringt í ákveðið númer og lesið upp það sem skrá á í sjúkraskrá. Þann texta er síðan hægt að framkalla hvar sem er, hafi menn aðgang að réttum tölvubúnaði. Þessi nýja tækni opnar vissulega fyrir möguleika á breytingum, en þær breytingar tel ég farsælast fyrir LSH að vinna með læknariturum.

Frítt nám hjá Starfsmennt

Námskeið á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar eru án endurgjalds fyrir SFR félag. Upplýsingar um námskeiðin má finna á www.smennt.is og þar er einnig hægt að skrá sig rafrænt. Komi upp vandamál við skráningu er hægt að hringja í síma 525-8395.

SFR tekur upp ný vinnslukerfi

Á næstunni mun SFR taka upp ný vinnslu- og upplýsingakerfi. Þannig munu fjárhags-, bókhalds-, launa-, félags- og sjóðakerfi félagsins flytjast yfir í DK kerfi og orlofsmálin og orlofsafgreiðsla flytjast yfir í Hannibal orlofskerfið.

Breytingar þessar munu hafa mikil áhrif á starfsemi skrifstofunnar en einnig hafa góð áhrif fyrir félagsmenn. Þannig munu félagsmenn geta sótt um orlofshús, flugmiða, sólarlandagjafabréf, hótelið og fleira gegnum netið og gengið að öllu leyti frá pöntunum þar. Þannig munu félagsmenn sjá hvað er í boði á hverjum tíma, þeir geta pantað og gengið frá greiðslu gegnum netið og fengið allar nauðsynlegar upplýsingar sem á þarf að halda. Þegar um úthlutanir er að ræða þá leggjast umsóknir inn í kerfið til afgreiðslu og kerfið úthlutar síðan eftir réttindum og punktastöðu hvers og eins félagsmanns. Samfara þessum breytingum er nauðsynlegt að gera breytingar

á fyrirkomulagi þeirra þriggja punkta-potta sem hafa verið notaðir. Þannig verða allir pottarnir metnir inn í einn sameiginlegan pott, þannig að punktaávinnsla félagsmanna mun safnast saman í einn pott sem gildir fyrir öll orlofstilboð félagsins.

Hvað DK kerfin varðar þá bjóða þau kerfi upp á skilvirkari vinnsluleiðir fyrir félagsmenn og skrifstofuna. Þannig munu umsóknir félagsmanna í sjóði leggjast í afgreiðslugrunn sjóðakerfisins og einfaldar það alla innsláttarvinnu fyrir skrifstofuna. SFR stefnir síðan að því taka í notkun upplýsingasíðu fyrir hvern og einn félagsmann þar sem viðkomandi getur skoðað punktastöðu sína og fengið yfirlit yfir úthlutanir til sín og punktastöðu hverju sinni. SFR væntir þess að þessar breytingar komi að góðu gagni fyrir félagsmenn og auðveldi þeim umsóknir og aðgengi að upplýsingum.

Karlar eiga nú jafnan rétt á við konur í fæðingarorlofi


Reglum um greiðslur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM, BSRB og KÍ (FOS) í fæðingarorlofi var breytt 1. júní 2007. Þá var horfið frá tekjutengdum greiðslum til mæðra og þess í stað greiddir fæðingarstyrkir til foreldra. Styrkirnir eru jafnháir til karla og kvenna en hliðsjón höfð af starfshlutfalli. Breytingin varðar foreldra barna sem fæðst hafa eftir 1. júní. Í dag er greiðsla miðað við 100% starf 170 þúsund krónur. Í gildi verður að vera ráðningarsamningur við upphaf fæðingarorlofs. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu sjóðsins www.fos.is.

Við sérhæfum okkur í heildarsýn - og lækun rekstrarkostnaðar

Með því að samnýta samninga við RV má spara sporin, lækka innkaupakostnað og einfalda dagleg innkaup.

Vöruflokkar í gildandi rammamningum RV við Ríkiskaup:

RK 02.15	Ritföng og skrifstofuvörur
RK 02.01	Ljósritunarpappír
RK 09.03	Hreinlætisefni, hreinlætispappír, tæki og áhöld
RK 10.01	Plastvörur
RK 07.06	Borðbúnaður
RK 13.03	Einnota hanskar
RK 09.02	Bleiur, undirlegg, dömubindi o.fl.
RK 13.06	Handspritt, sjúkrahússpritt og hreinsispritt
RK 13.71	Þvagleggir
RK 13.15	Einnota lín, drape, sloppar, maskar og húfur

Fastur afsláttur er af öðrum vörum.  **RÍKISKAUP**
- tilbod skulu árangri

Rekstraraðilar sem hafa rétt á að versla samkvæmt gildandi rammamningum eru allar ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir þeirra um allt land.

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV.

 **Unique**
örtrefjaræstikerfið
- hagkvæmt, vistvænt
og mannvænt



Bodil Fur,
sölumaður hjá
RV Unique
í Danmörku

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Þóráinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR, Sif Sigfúsdóttir kennari, Brynja Sigurðardóttir, verkefnastjóri hjá Impru, og Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri SFR, eru sammála um að nauðsynlegt sé að konur öðlist meiri færni í að semja um sín mál.



Viltu hafa áhrif á launin þín og lífið?

SFR efnir til námskeiðs fyrir konur þar sem fjallað verður um samningatækni og þær þjálfaðar í að nota samningatæknina í samkiptum sínum á vinnustað, heima og í lífinu almennt

SFR hefur í samstarfi við Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands ákveðið að hleypa af stokkunum námskeiði fyrir konur. Hugmyndin með því er að efla konur í samningatækni á vinnustað sínum, á heimilum og í lífinu almennt.

- Við erum sannfærðar um að hluti af launamisrétti kynjanna helgast af því að konur eru ekki nægilega sleipar í samningatækninni. Rannsóknir sem gerðar hafa verið benda eindregið í þessa átt. Nýlega voru birtar niðurstöður rannsóknar sem bar yfirskriftina Rannsókn á óútskýrðum launamun kynjanna. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom meðal annars fram að konur í stjórnunarstöðum bjóða körlum hærra laun en konum og karlar bjóða kynbræðrum sínum ennþá hærra laun. Þá hefur og komið fram að konur reikna með að konur sætti sig við lægri laun en karlar, segir Sif Sigfúsdóttir, sem mun annast kennslu á námskeiðinu. Sif er með meistaraþráðu í mannauðsstjórnun og er markaðsstjóri Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Hún segir að til þess að mæta þessu sé brýnt að konur styrki stöðu sína, meðal annars með því að læra samningatækni og geta þannig verið betur í stakk búna til að semja um sín laun.

Brynja Sigurðardóttir, verkefnastjóri hjá Impru, sem hefur unnið að undirbúningi námskeiðsins, segir að konur þurfi að bæta samningatækni sína og nefnir þar sérstaklega starfsmannasamtöl og launaviðtöl. Konur virðast sætta sig frekar en karlmenn við útskýringar yfirmanna á því að ekki sé hægt að hækka laun þeirra. Þær fari gjarnan bara í fylu sé þeim neitað um launahækkun, en karlmennirnir spyrji frekar hvað þeir geti gert til að fá hærra laun. Hún telur þennan mun á viðbrögðum oft leiða til þess að konur verði óánægðar í vinnu og starfsánægjan hverfi smátt og smátt. Karlmennirnir hins vegar vinni í því að bæta það sem bæta má til að ná fram launahækkunum. Við þessu viljum við bregðast með því að bjóða konum upp á námskeið þar sem meðal annars verður farið yfir hvernig konur geta mætt sterkari í þessi viðtöl, segir Brynja.

Sif segir að á námskeiðinu verði verklegar æfingar þar sem aðferðum samningatækninnar verði beitt. Sérstaklega er dregið fram hvernig reynsluheimur kvenna nýtist í samningum og leitað svara við því hvað konur hafa, umfram karla, fram að færa við samningaborðið. Auk þess verða kynnt helstu hugtök í samningatækni með áherslu á stöðu kvenna og reynslu þeirra af samningum. - En fyrst verður

þátttakendum boðið upp á stöðumat þar sem samstarfs- og samskiptafærni þeirra er metin, bætir Sif við.

Brynja segir að námskeiðið verði tvískipt, þrjár stundir í senn. Fyrri hlutinn verður helgaður stöðumati þátttakenda, en síðari hlutinn verklegri þjálfun þar sem þátttakendur spreya sig á samningatækninni.

Hugmyndin er að allir þátttakendur fái tækifæri til að æfa sig í að sitja beggja megin borðsins, segir Brynja og kveðst ekki í vafa um að konur sem taka þátt í námskeiðinu eigi eftir að njóta þeirrar reynslu þegar þær standa næst frammi fyrir samningaviðræðum.

Við leggjum mikið upp úr verklegu æfingunum, segir Sif og nefnir t.d. að huga þurfi að hvernig konur beita röddinni sem oft vill bregðast þeim þegar þær standa frammi fyrir yfirmönnum sínum og talið berst að þeirra eigin höfum.

Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri SFR, átti hugmyndina að því að SFR gengi til þessa samstarfs við Impru. Hún hvetur félagskonur í SFR til að nýta þetta tækifæri og segist ekki í vafa um að námskeið sem þetta eigi fullan rétt á sér og vonandi verði það lítið skref í átt til þess að eyða launamun kynjanna.

Sjá nánar auglýsingu á bls. 12.

Gott að vita!

Námskeið og fyrirlestrar á vegum SFR og St.Rv. -Vorönn 2008

SFR og St.Rv. bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrána og var stefnan sett á að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðu eða skrifstofu félagsins:

SFR - stéttarfélag í almannapjónustu, www.sfr.is, sími 525-8340

Skapandi skrif

- um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta.

Tími: Fim. 31. jan., 7. og 14. feb. kl. 19-22:30.

Lengd: 10,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Á þessu námskeiði miðlar Þorvaldur af reynslu sinni á sviði skapandi skrifa og beinir sérstaklega athyglinni að mikilvægi sögunnar í daglegi lífi okkar allra. Það er mannum eiginlegt að tjá tilveru sína í sögum af öllu tagi og það er ekki síst þeirra vegna sem líf okkar öðlast merkingu þegar allt kemur til alls. Með aukinni meðvitund um þann sagnaranda sem við höfum yfir að ráða opnast okkur fleiri leiðir til að tjá og túlka á nærandi hátt það líf sem við lifum og byggja upp innihaldsríkari og jákvæðari samskipti við aðra.

Á námskeiðinu kynni ég til sögunnar einföld en notadrjúg verkfæri fyrir þátttakendur að nýta til eigin skráningar og sköpunar, þar sem tilgangurinn er fremur að skerpa eigin meðvitund og upplifanir fremur en skapa stórvirki á bókmenntamarkaði - þó slíkt sé vissulega velkomið í leiðinni.

Form: Stuttir fyrirlestrar, einföld verkefni og samræður.

Skapandi skrif, framhald

- um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta.

Nýtt

Tími: Þri. 19., 26. feb. og 4. mar. kl. 19-22:30.

Lengd: 10,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Á framhaldsnámskeiðinu verður tekinn upp þráðurinn þar sem frá var horfið í fyrsta áfanga, en með meiri áherslu á ykkar eigin skrif og fjölbreytilegri aðferðir í efnisöflun, hugmyndavinnu og útfærslu. Við kynnumst nýjum leiðum, nýjum tækifærum og gerum vafalaust ýmsar óvæntar uppgötvanir, hvert á sinn hátt. Þess vegna mætti með réttu segja að einkunnarorð námskeiðsins séu; eftirvænting, forvitni og skemmtun.

Form: Margvísleg einföld verkefni, samræður og stuttir fyrirlestrar.

Starfsmannasamtöl

Tími: Fim. 28. feb. kl. 16:30-19:30. **Lengd:** 3 klst. **Staður:** Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinendur: Kolbrún Ragnarsdóttir, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Fjallað verður um starfsmannasamtöl, þ.e. þegar stjórnandi og starfsmaður setjast niður, oftast einu sinni á ári, og ræða frammistöðu beggja þar sem m.a. er rætt um upplifun starfsmannsins í vinnunni, starfsánægju, stjórnun, starfið sjálft, samskipti og líðan á vinnustað, markmið og hvað annað sem stjórnandi og starfsmaður telja að ræða þurfi. Starfsmannasamtal á að vera uppbyggilegt og opinskátt samtal. Í samtalinu gefst tækifæri á að bæta hlutina, skilgreina markmið starfsmannsins, ræða starfsframa og aukna ábyrgð og skilgreina þörf starfsmannsins á starfsþróun og fræðslu. Starfsmannasamtal býður líka upp á tækifæri til að hrósa starfsmanni fyrir vel unnin störf. Gildi starfsmannasamtala er ótvírætt en það er eins og með margt annað, það er ekki sama hvernig þau eru framkvæmd og það eina sem er auðvelt er að gera það illa.

Stafganga

Tími:

a) 27. mar., 1., 3., 8.

b) 14., 16., 21., 23. október

17-18

Lengd: 5 klst.

Staður: Grettisgata

dalurinn.

Leiðbeinandi: Hallgrímur

stafgöngukennari og

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Fjallað verður

frarið eins og eldur í

tækni er best að be

ið er þannig uppset

og næstu 4 tímar er

verður í Laugardal

Rannsóknir hafa lei

meiri en í venjulegr

líkamann að auki 40

Hvort ég get, ekki málið grunnnámskeið

Sjálfsmynd og samskipti

Tími: 29., 31. jan., 5. og 7. feb. (þri./fim.) kl. 19-22.

Lengd: 12 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Námskeiðið miðar að því að auka sjálfstraust einstaklinga, gera þá öruggari og ánægðari með sig og kenna ýmsar aðferðir til að ná þeim markmiðum. Þátttakendur eru vaktir til vitundar um tengsl jákvæðrar sjálfsímyndar og góðra samskipta. Mótun og inntak sjálfsímyndar skoðað, sýnt fram á að hún er lifandi og breytanleg og rýnt í mikilvægi samspils hugsunar og hegðunar. Aðferðir og æfingar í markmiðssetningu og ákveðniþjálfun.

Námskeiðið byggir á lifandi samræðum kennara og þátttakenda.

Hvort ég get, ekki málið framhaldsnámskeið

Sjálfsmynd og samskipti

Tími: 8., 10. og 15. apríl kl. 16.30-19:30

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

Ekkert þáttökugjald

Lýsing: Upprifjun á grunnatriðum. Fjallað verður um iðkun jákvæðra staðhæfinga, samskiptatækni, markmiðssetningu og tilfinningalega vellíðan ásamt fleiru.

Ljósmyndun

Tími:

a) Þri. 29. jan., 5. og 12. feb. kl. 16:30-19:30.

b) Þri. 8., 15. og 22. apr. kl. 16.30-19.30.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson.

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið í helstu stillingar á vélinni og kennd undirstöðuatriði í stafrænni ljósmyndatækni og almennri myndatöku (landslag, portrett og fl.). Gefin verða góð ráð hvernig á að setja myndir í tölvu, senda myndir í tölvupósti og prenta út, auk þess að skipuleggja myndasafn og geyma myndir. - Ath. Æskilegt er að þátttakendur hafi meðferðis stafræna myndavél og að hún sé fullhlaðin.

Skattframtal

Tími: Þri. 11. mars. kl. 16.30-19. **Lengd:** 2,5 klst. **Staður:** Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson, deildarstjóri hjá Skattstjóranum í Reykjavík.

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Að þátttakendur öðlist færni í að fylla út skattframtal. Jafnframt verða veittar upplýsingar um rétt til frádráttar, afsláttar og bóta samkvæmt lögum. Einnig kynnt hvernig fólk ber sig að við framtalsskil á netinu.

Hádegisfróðleikur

Nýtt

Staða jafnréttismála

Tími: Fim. 21. feb. kl. 12-12:50.

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Fyrirlesari: Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

Ekkert þáttökugjald.

Nánari kynningu verður að finna á vef SFR þegar nær dregur.

Að lesa út úr launaseðlum

Tími: Fim. 13. mars kl. 12-12:50.

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Fyrirlesari: Guðrún H. Sveinsdóttir, verkefnastjóri kjarasviðs SFR.

Ekkert þáttökugjald.

Nánari kynningu verður að finna á vef SFR þegar nær dregur.

Óvænt - kynnt síðar

Tími: Fim. 10. apr. kl. 12-12:50.

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Ekkert þáttökugjald.

Nánari kynningu verður að finna á vef SFR þegar nær dregur.

Pú ert það sem þú hugsar

Tími: Fim. 21. feb. kl. 19:30-21:30.

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Guðjón Bergmann. Ekkert þáttökugjald.

Lýsing: Fyrirlestur með Guðjóni Bergmann um hugarfarsþjálfun, streitu, sjálfstraust og jákvæðni. Guðjón mun leitast við að útskýra nánar starfsemi hugans og benda á aðferðir sem hægt er að nota til að þjálfa upp athygli og einbeitingu. Að auki mun hann ræða um leiðir til að draga úr streitu, byggja upp sjálfstraust og efla jákvætt hugarfar.

Nýtt

Í aðdraganda kjarasamninga

Það hefur vart farið framhjá nokkrum manni að æ erfiðara verður að fá hæft fólk í vinnu hjá opinberum aðilum. Mest áberandi hefur þetta verið hjá stofnunum þar sem þjónustan og þjónustuskortur hefur áhrif á daglegt líf fólks. Má þar nefna skóla og leikskóla svo og umönnum sjúkra, aldraðra og fatlaðra. En vandamálið er víðar þó það blasi e.t.v. ekki við almenningi frá degi til dags.

Heyrst hefur að á vinnustöðum eins og dómstólum, sýslumannsembættum og víðar, þar sem laun skrifstofufólks eru í lægri kantinum, eigi sér stað nokkur atgervisflótti vegna bágra launakjara. Dæmi eru um að hæfu fólki bjóðist 100-150 þús. kr. hærri laun á almenna markaðinum en það hefur sem ríkisstarfsmenn. Ekki er sjálfgefið að vel gangi að fylla í skörðin og undrar engan í þeirri samkeppni um vinnuafli sem við búum við um þessar mundir. Vitað er að víða er stofnunum þröngur fjárhagslegur stakkur skorinn. Þó að í stofnanasamningum sé e.t.v. svigrúm til að bæta kjör starfsmanna eftir aðstæðum með svo kölluðum heimildar- eða viðbótarflokki, virðast fjármunir til þess ekki vera fyrir hendi að sögn forstöðumanna.

Nú er ljóst að í því umhverfi sem við búum við í dag hafa lág laun ekki bara áhrif á kjör launamannsins. Það er grafalvarlegt mál fyrir ríkisvaldið og okkur öll ef slíkur atgervisflótti skapast á vinnustöðum ríkisins að ekki fáist hæft fólk til starfa. Verum minnug þess að

Birna Karlsdóttir, skrifar.



innan þessara stofnana er verið að fjalla um líf og heilsu fólks, fjárreiður, réttindi og skyldur og önnur viðkvæm mál. Það eru verðmætir starfsmenn sem stoppa nógu lengi á vinnustaðnum til þess að öðlast þá þekkingu og þjálfun sem þarf til að geta gegnt vandasömum stöfum og haldið uppi þeirri samfélagsþjónustu sem nauðsynleg er. Þau dapurlegu

launakjör sem ríkið býður stórum hluta starfsmanna sinna eru því ekki síður vandi vinnustaðarins og þeirra sem þar halda um stjórntaum.

Það skal þó skýrt tekið fram að víða á þessum vinnustöðum starfar ótrúlega margt úrvalsfolk sem unir glatt við sitt og hugsar sér ekki til hreyfings. En þegar dæmi eru um að meðalaldur ritara í stórrí deild á einum af umræddum vinnustöðum er 57 ár, hljótum við að spyrja okkur hversu lengi enn það verður þannig. Hvar er yngra fólk sem á að taka við? Af hverju halda menn að unga fólk láti ekki sjá sig?

Það er hagur ríkisstofnana og samfélagsins alls að kjör ríkisstarfsmanna batni verulega. Starfsmenn, forstöðumenn stofnana og ríkisvaldið eiga hér sameiginlega hagsmuna að gæta. Forstöðumenn koma að framkvæmd stofnanasamninga innan sinna stofnana. Ef þeir bera hag þeirra fyrir brjósti ættu þeir að berjast fyrir betri launum starfsmönnum til handa. Hvort þeir búi yfir þeim styrk skal ósagt látið, en samfélagið allt myndi hagnast á því að þeir tækju afstöðu með starfsmönnum í baráttu þeirra fyrir mannsæmandi kjörum.

Get ég haft áhrif á launin mín!

- Námskeið í samningatækni fyrir konur

Á námskeiðinu eru kynnt helstu hugtök í samningatækni með áherslu á stöðu kvenna og reynslu þeirra af samningum. Mörg vandamál sem taka þarf á í samningaferlum hafa lítið sem ekkert með kyn að gera, en reynsla mótar það hvernig fólk bregst við vandamálum og kyn hefur mikil áhrif á reynsluheim. Rannsóknir sýna einnig að konur spreyta sig sjaldnar í samningum. Á námskeiðinu verður farið í verklegar æfingar þar sem aðferðum samningatækninnar verður beitt. Sérstaklega er dregið fram hvernig reynsluheimur kvenna nýtist í samningum og leitað svara við því hvað konur færa að samningaborðinu sem karlar hafa ekki.

Markmið

Markmiðið með námskeiðinu er að kynna konum grunnhugmyndir samningatækninnar og þjálf þær í að nota samningatæknina í samskiptum sínum og samningum, sér og vinnustöðum sínum eða atvinnurekendum til hagsbóta.

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað konum sem þurfa að semja á vinnustöðum eða inni á heimilinu. Það hentar konum í öllum starfsstéttum og stöðum,

enda er gengið út frá því að samningar séu hluti af daglegu lífi og að hægt sé að fá betri niðurstöður með því að beita markvissum aðferðum en ekki.

Kennslufyrirkomulag

Námskeiðið er haldið á Grettisgötu 89, 1. hæð og er lágmarksfjöldi 12 á námskeið. Kennsludagar eru tveir og námskeiðið í heild sex klukkustundir.

Kennari: Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun og markaðsstjóri Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Þrjár tímasetningar eru í boði:

A. Fim. 14. og fös. 15. feb. kl. 9-12.

B. Fim. 28. og fös. 29. feb. kl. 13-16.

C. Mán. 25. og þri. 26. feb. kl. 19.30-22.30.

Skráning fer fram á vef SFR, www.sfr.is, og nánari upplýsingar veitir Jóhanna Þórdórsdóttir í síma 525-8340 eða á johanna@sfr.is.

SFR býður félagskonum frítt á þetta námskeið.

Sjá nánar umfjöllun á bls. 9.



Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, slær á létta strengi í hófi sem haldið var við afhendingu viðurkenningar vegna Stofnunar ársins 2007.

Hvaða stofnanir standa sig best í ár?

SFR - stéttarfélag í almannajónustu stendur nú í þriðja sinn að könnun meðal félagsmanna sinna á starfsskilyrðum og líðan þeirra á vinnustað. Eins og fyrr þá er SFR í samstarfi við VR í framkvæmd könnunarinnar og mun hún ná til þrjátíu þúsund starfsmanna á opinberum og almennum vinnumarkaði. Þessi könnun er því umfangsmesta vinnumarkaðskönnun sem gerð er á Íslandi.

Af hverju stofnun ársins?

Það er eitt af markmiðum SFR - stéttarfélags að bæta starfsumhverfi félagsmanna og efla starfsþróun þeirra. Hugmyndin á bak við titilinn „stofnun ársins“ er sú sama og „fyrirtæki ársins“, sem er að kanna þau atriði sem gefa heildarmynd af starfsumhverfi stofnunarinnar og starfsánægju starfsmanna. Spurt er um traust til yfirmanna, virðingu fyrir starfsfólki, stolt gagnvart stofnuninni, vinnuálag, vinnutíma, launakjör, starfsanda og fleira.

Niðurstöðurnar geta starfsmenn notað til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Hér er ekki síðra tækifæri fyrir forstöðumenn og stjórnendur til að

kortleggja stöðu stofnunarinnar - hvort sem það er staðfesting á því sem vel er gert í starfsmannamálum eða hvatning til þeirra sem geta gert betur. Fyrir stjórnendur er því um að ræða dýrmætan mælikvarða á þeirra vinnustað.

Minni og stærri stofnanir

Í ár verður stofnunum skipt í tvo hópa. Verðlaun verða veitt í hópi minni stofnana og í hópi stærri stofnana. Með þessu er stefnt að því að réttari samanburður fái á milli stofnana með tilliti til stærðar þeirra.

Úrslit verða tilkynnt í maí 2008

Framkvæmdin er alfarið í höndum Capacent sem sér um að senda spurningalistana í bréfa- eða tölvupósti og vinna niðurstöðurnar. Spurningalistarnir verða sendir um mánaðamótin janúar/febrúar og niðurstöður munu liggja fyrir í maí næstkomandi.

Skilyrði til þátttöku er að starfsmaður sé í a.m.k. 50% starfshlutfalli, hafi unnið í 6 mánuði og að á vinnustaðnum séu a.m.k. 5 starfsmenn.

Capacent mun vinna úr spurningalistunum

á vormánuðum og munu niðurstöður liggja fyrir í maí. Þær verða kynntar í SFR - blaðinu, á vefsíðu félagsins og í fjölmiðlum.

Þær stofnanir sem fá hæstu einkunn í hvorum flokki fá viðurkenninguna Stofnun ársins 2008, en þær stofnanir sem verma efstu sætin í hvorum flokki fá til viðbótar nafnbótina Fyrirmyndarstofnun 2008. Sigurvegarar fá afhentan glæsilegan verðlaunagrip til varðveislu, ásamt viðurkenningarskjali sem efstu stofnanirnar fá einnig. Ennfremur verður sérstök viðurkenning veitt þeirri stofnun sem bætir sig mest í stigagjöfni frá síðustu könnun og hlýtur sú stofnun meðal annars nafnbótina Hástökkvari ársins.

Það er von okkar að starfsmenn jafnt sem stjórnendur taki vel í þessa könnun SFR og að niðurstöður þær og upplýsingar sem koma þar fram komi félagsmönnum og stjórnendum að góðu gagni.

Allar frekari upplýsingar gefur Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR, í síma 525-8340, en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið thorarinn@sfr.is.

Bækur um Klepp



Kleppur í 100 ár og Danska frúin á Kleppi



Fyrir síðustu jól kom út bókinn Kleppur í hundrað ár, eftir Óttar Guðmundsson. Bók Óttars er mjög áhugaverð og sett upp með svipuðum hætti og Öldin okkar, sem gerir hana að góðu lesefni og uppflettiriti fyrir fleiri heldur en áhugafólk um Klepp og málefni geðsjúkra. Um svipað leyti kom einnig út bókinn Danska frúin á Kleppi, en það eru bréf Ellenar Kaaber Sveinsson, konu Þórðar Sveinssonar, fyrsta yfirlæknis Kleppspítala. Þetta er einstaklega hugljúf bók í samantekt Hildigunnar Hjálmaradóttur, tengdadóttur þeirra hjóna. Í bókinni segir meðal annars frá upphafsárum Kleppspítala, mótunarárunum, búskapnum og lífi þeirra er báru ábyrgð á starfsemi fyrstu árin og þjuggu með fjölskyldu sinni á staðnum. Báðar þessar bækur þótt ólíkar séu - enda bók Óttars eingöngu helguð Kleppi - lýsa vel

heimi geðsjúkra, fordómum sem þeir hafa þurft að þola og elju og dugnaði þeirra er ruddu brautina svo þeir mættu öðlast betra líf. Aðferðir við lækningu geðsjúkra hafa oft verið umdeildar, en það er ekki vafi eftir lestur þessara bóka að læknar, hjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk hefur allflest verið að vinna af heilindum, eftir þeirri þekkingu er til var hverju sinni og sannfæringu um að aðferðirnar væru réttar. Þó má lesa í bók Óttars að gagnrýni, einkum á störf lækna, hefur á köflum verið býsna hvöss. Báðar þessar bækur, þó einkum bók Ellenar, eru merkar heimildir um sögu Klepps, auk þess sem þær veita góða innsýn í íslenskt þjóðfélag og lífið í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar.

Guðmundur G. Garðarsson



Vinnustaðafundir á höfuðborgarsvæðinu

Árni St. Jónsson, formaður SFR, og Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri félagsins, hafa nú farið hringinn í kringum landið til að hitta félagsmenn á vinnustaðafundum og nú er komið að félagsmönnum á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið með fundunum er að ræða áhersluatriði og kröfur vegna næstu kjarasamninga, kynna niðurstöður úr launakönnun SFR 2007, sem og að ræða rekstur félagsins og innra starf. Fundir standa yfir í 1 til 1 1/2 klukkustund.

Tími

28. janúar kl. 14
29. janúar kl. 14
30. janúar kl. 14

Vinnustaður

Læknaritara á Landspítala Hringbraut
Sýslumaðurinn í Reykjavík
Landspítali Hringbraut

Staðsetning

Hringsalur í kjallara barnadeildar
Skógarhlíð
Skásölum í kjallara kvennadeildar, gengið inn um

31. janúar kl. 15
5. febrúar kl. 8-9
5. febrúar kl. 12-13

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Tryggingastofnun ríkisins
Opinn fundur fyrir félagsmenn á höfuðborgarsvæðinu
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra í Reykjavík og Styrktarfélag vangefinna
Hrafnista DAS Hafnarfirði

aðalinngang kvennadeildar (ekki bráðainngang kvennadeildar) og beint niður í kjallara
Þönglabakka 1, mótuneyti Heilsugæslunnar í Mjódd
Grettisgata 89, fundarsalur á 1. hæð

Grettisgata 89, fundarsalur á 1. hæð

Grettisgata 89, fundarsalur á 1. hæð

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að nýta tækifærið og koma skoðunum sínum á framfæri. Þú getur óskað eftir því að þinn vinnustaður verði heimsóttur á netfanginu johanna@sfr.is eða í síma 525-8340. Yfirlit yfir fundi er að vinna á vef SFR undir liðnum Á döfinni í hægri dálk vefsins.

Starfsmennt býður upp á farandfyrirlesara

Starfsmennt býður upp á fjölbreytt úrval farandfyrirlestra þar sem ríkisstofnanir geta valið áhugavert viðfangsefni á tíma sem þeim hentar best. Farandfyrirlestrarnir eru oftast smærri í sniðum en námskeið og geta nýst vel á starfsdögum og fræðslufundum stofnana. Markmiðið með farandfyrirlestrunum er að efla símenntun og starfsþróun ríkisstarfsmanna með því að gefa þeim kost á utanaðkomandi sérfræðingum til að fjalla um það sem er efst á baugi hverju sinni á vinnustaðnum. Ríkisstofnanir geta kallað eftir þessari þjónustu að því gefnu að félagsmenn aðildarfélaga Starfsmenntar njóti fræðslunnar og að hún sé liður í hæfnisuppyggingu þeirra. Með farandfyrirlestrunum vill Starfsmennt ýta undir þátttöku, samræðu og samstarf starfsfólks og stjórnenda um símenntun, starfsþróun og eflingu mannauðs. SFR hvetur félagsmenn til að vekja athygli á þessu inni á sínum vinnustað.

Hér má sjá lista yfir heiti helstu farandfyrirlestranna:

- Að leysa ágreining
- Að stýra jafningjum
- Að takast á við erfiða viðskiptavini
- Að tjá sig án kvíða
- Áhugasvið og starfsánægja
- Breytingastjórnun og takast á við breytingar
- Efling liðsheildar og vinna í teyllum
- Efling sjálfstrausts og áhrif sjálfsmýndar

- Gerð færnimöppu
- Hvað er markviss mannauðsstjórnun?
- Lærdómsfyrirtækið - Miðlun fræðslu á vinnustað
- Mótun starfsmannastefnu
- Móttaka nýliða
- Námsnálgun fullorðinna
- Námsstækni og vinnuvenjur
- Ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað
- Samskipti á (kvenna)vinnustað
- Samþætting starfs og einkalífs
- Sáttumleitan og samningatækni
- Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur
- Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn
- Tímastjórnun
- Um vinnustaðarmenningu
- Velliðan í vinnunni
- Viðtalstækni
- Vinnugildi og siðfræði starfs
- Vinnuumhverfi - heilsa - lífstíll

Ef einhverjir ofangreindra titla vekja áhuga þá hafið beint samband við starfsfólk Starfsmenntar í síma 525-8395 sem kemur á tengslum við viðkomandi sérfræðing.

Aðalfundur SFR

Aðalfundur SFR verður haldinn laugardaginn 29. mars kl. 13.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Stjórnarkjör kynnt.
5. Kosinn löggiltur endurskoðandi, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
7. Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skiptingu milli sjóða.
8. Kosið í stjórnir orlofssjóðs, starfsmenntunarsjóðs og vinnudeilusjóðs samkvæmt reglum þeirra.
9. Fjárhagsáætlun.
10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
11. Önnur mál.

Samkvæmt fjórða lið aðalfundar á að fara fram stjórnarkjör. Þeir sem vilja gera tillögu um stjórnarmenn geta snúið sér til skrifstofu SFR í síma 525-8340 eða sent póst á sfr@sfr.is, sem mun koma því áfram til uppstillinganefndar.

Tillögur verða að berast í síðasta lagi 25 sólarhringum fyrir aðalfund.



Hraksmánarlega lág laun í landinu

Kæru félagar í SFR. Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og þakka fyrir liðin ár. Nú í upphafi nýs árs er enn á ný runninn upp sá tími að nær allir kjarasamningar launafólks í landinu eru lausir og fram undan eru mikilvægir kjarasamningar. Mig langar í þessum stutta pistli að fjalla örlítið um þessa komandi kjarasamninga og stöðu launafólks í landinu og þá helst hinna lægst launuðu.

Ein er sú staðreynd sem mér finnst erfitt að kyngja og það er hve lægst laun eru hraksmánarlega lág í landinu og óskiljanlegt hvernig hægt er að ætlast til þess að fólk sem er á þessum lágu töxtum lifi mannsæmandi lífi.

Mér finnst verkalýðshreyfingin, okkar félag sem önnur, bera mikla ábyrgð á að staðan skuli vera þessi og vil ég því skora á féлага mína sem nú á næstu vikum setjast við samningaborðið, ásamt fulltrúum atvinnurekenda, að taka nú myndarlega á þessu máli og hækka lægst laun allverulega og upp í þá tölu sem dugar til mannsæmandi framfærslu. Ég vil líka nota tækifærið og andmæla þeirri fátánlegu staðhæfingu að hækkun lægst launa valdi aukinni verðbólgu.

Þar ræður meira að mínu mati mislukkuð stefna stjórnvalda í peningamálum þjóðarinnar, miklar framkvæmdir í einkageiranum og hjá hinu opinbera sem

veldur gríðarlegri þenslu í þjóðarbúskapnum. Það hefur verið nóturlegt á undanförunum árum að hlusta á fulltrúa atvinnurekenda og helstu ráðamenn þjóðarinnar halda því blákalt fram að ekki sé hægt að hækka lægst laun verulega því það valdi svo og svo mikilli og aukinni verðbólgu. Ég held að þessir menn ættu að líta sér nær. Þeir hafa staðið fyrir og hvatt til gríðarlegra framkvæmda í orku-geiranum og í einkaframkvæmdum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Afleiðingarnar eru öllum sem vilja sjá kunnar. Gríðarleg þensla á öllum sviðum í dýrasta landi í heimi, svimandi háir vextir, húsnæði, matvæli og öll þjónusta á uppsprengdu verði. Mér virðist að hér sé á ferðinni hin margfræga smjörklípuaðferð, þegar reynt er að kenna launafólki um að eiga sök á verðbólgunni til að leiða umræðuna frá hinu raunverulega vandamáli. Veruleg hækkun lægst launa mun einmitt leysa mörg erfið vandamál. Unnt væri að stytta vinnutímann sem er með þeim lengsta í Evrópu með þeim kostum sem því fylgja fyrir fjölskyldufólk.

Atvinnurekendur myndu hugsa sig um þegar þeir fara í framkvæmdir hvort borgi sig að flytja inn erlenda starfsmenn þúsundum saman, en það er eimitt ein dökk skuggahlið á íslenskum vinnumarkaði undanfarinna ára. Allur sá fjöldi erlendra starfsmanna sem fluttur hafa verið hingað til að vinna hér við slæman aðbúnað á skammarlega lágum launum. Öll þessi miklu umsvif og framkvæmdir hér á landi í seinni tíð hafa verið kölluð Góðærið mikla og valdið miklum heilabrotum í löndunum í kring, hjá þjóðum sem hafa kosið að fara hægar yfir. Mig langar aðeins að gera að umtalsefni hvernig þetta góðæri hefur í raun skilað sér til launamanna í landinu.

Stærstur hluti góðærisins hefur nefnilega lent hjá ríkinu í formi aukinna skatta. Á síðustu 10 árum hefur hlutur ríkisins í tekjum þjóðarbúsins aukist úr 35 af hundraði í 45 af hundraði. Þetta fullyrða

virtir hagfræðingar. Ég hef heyrt því fleygt að stærðfræðimenntun á Íslandi sé víða mjög ábótavant og því var mér brugðið á dögnum þegar ég heyrði fjármálaráðherra landsins lýsa því yfir að það væri svo flókið að taka upp annað og lægra skattþrep fyrir lægst launin að þeir treystu sér ekki til þess í fjármálaráðuneytinu. Nokkuð sem ekki vefst fyrir nágrönnum okkar í Skandinavíu og Evrópu. Hún virðist hins vegar duga stærðfræðikunnáttan þegar auka þarf tekjur ríkisins á kostnað launþega. Ef til vill er þarna komin skýringin á því af hverju við getum ekki gengið í Evrópusambandið og tekið Evruna upp.

Mig langar að lokum að víkja nokkrum orðum að aðild okkar að Evrópusambandinu og upptöku Evrunnar. Mig furðar það mjög að það mál skuli ekki hafa verið meira til umræðu innan verkalýðshreyfingarinnar því ég tel að full þörf sé á. Ég kalla því eftir meiri umræðu um þessi mál því að eftir að hafa velt fyrir mér kostum og göllum þess að Ísland gerist aðili að ESB og taki upp Evruna sýnist mér augljóst að það yrði gríðarleg kjarabót fyrir launafólk í landinu og mest þá lægst launuðu. Þeir sem ekki koma auga á þetta eru í einhverjum undarlegum leiðangri með smjörklípu í farangrinum.

Ég hef oft gagnrýnt þá stöðu sem mér sýnist vera í helstu lífeyrissjóðum okkar launþeganna. Mér sýnist sem þar hafi hreiðrað um sig sífellt fleiri og fleiri fulltrúar atvinnurekenda. Ég veit ekki hvað veldur, en ætla þó rétt að vona að í þessum síðasta og mikla hrunadansi á hlutabréfamörkuðum hér heima og erlendis hafi þeir fjárfest skynsamlega fyrir okkur launafólkið í landinu svo við getum átt von á að eiga farsælt og áhyggjulaust ævkvöld.

Að endingu sendi ég bestu kveðjur til allra SFR féлага um leið og ég skora á Jóhönnu Vilhjálmstöttur á Fiskistofu að skrifa í næsta Skrárgat.

Sigurður H Helgason

Gríðarleg þensla á öllum sviðum í dýrasta landi í heimi, svimandi háir vextir, húsnæði, matvæli og öll þjónusta á uppsprengdu verði. Mér virðist að hér sé á ferðinni hin margfræga smjörklípuaðferð þegar reynt er að kenna launafólki um að eiga sök á verðbólgunni.

Náms- og starfsráðgjöf – ný þjónusta innan stofnana

Starfsmennt býður ríkisstofnunum upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa fyrir starfsfólk sitt. Náms- og starfsráðgjöfinni er ætlað að styðja við símenntun einstaklinga og kynna fyrir þeim nám og möguleika til frekari starfsþróunar. Eitt meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Ráðgjöfin fer fram í einstaklingsviðtölum þar sem trúnaðar er gætt og getur starfsmaður þar rætt vonir sínar og væntingar sem og æskilega þróun eigin starfsferils. Í ráðgjöfinni gefst kærkomið tækifæri til sjálfskoðunar og til að kanna áhugasvið sitt, styrkleika eða veikleika og þá megindrífkrafta sem stýrt hafa ákvörðunum um nám og starf. Í viðtölunum er einnig tekið á þeim hindrunum sem ráðþeginn hefur mætt og hann hvattur til að skoða og meta eigin stöðu og vinna að lausn. Á þennan hátt hvetur ráðgjafinn fólk til sjálfsábyrgðar og virkrar þátttöku í uppbyggingu eigin hæfni.

Ráðgjöfin hefur víða skírskotun

Gildi náms- og starfsráðgjafar getur verið mikið fyrir einstaklinginn ef vel tekst til en þjónustan hefur einnig víðari skírskotun. Þær stofnanir sem kalla eftir náms- og starfsráðgjafa fá til liðs við sig fagmann til að aðstoða við uppbyggingu mannauðs á vinnustað. Ráð-

gjafinn vinnur að færiuppbyggingu einstaklinga og sú persónulega þjónusta er líkleg til að auka og bæta samskipti, ánægju eða líðan starfsmanna. Í lok ráðgjafarinnar á vinnustað

Hulda Anna Arnljótsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsmenntar skrifar.



eru teknar saman heildarniðurstöður og tölulegar upplýsingar til stjórnenda og þannig miðlað áfram nýjum hugmyndum um símenntun og starfsþróun. Ráðgjöfin tengist þannig ýmsum öðrum þáttum mannauðsstjórnunar, s.s. þróun starfslýsinga, fræðsluhönnun og mati á raunfærni starfsmanna.

Ef marka má umræður í þingsölum héraendis þessa dagana og innan Evrópusambandsins og alþjóðlegra stofnana á borð við OECD, þá er ráðgjöf af þessu tagi talin fela í sér mikilvægan samfélagslegan ávinning. Þjónustan er sögð nátengd þróun þekkingarsamfélagsins þar sem þekking og nýsköpun skipta

sköpum og símenntun verður sjálfsgæddur lífsstíll. Náms- og starfsráðgjöf leggur sitt af mörkum til að efla mannauð, hugvit og færni með því að auka og greiða aðgengi að sí- og endurmenntun og virkja fólk til þátttöku. Jafnt aðgengi einstaklinga og þjóðfélagsþópa að upplýsingum um nám, störf og margvísleg tækifæri ásamt virkri þátttöku í sí- og endurmenntun er talin vera ein meginforsenda áframhaldandi velmegunar, aukinnar samkeppnishæfni og efnahagslegrar stöðu þjóða.

Fyrir hverja og hvar?

Náms- og starfsráðgjöf er ætluð öllum þeim starfsmönnum aðildarféлага Starfsmenntar sem vilja víðra skoðanir sínar um þróun eigin náms- og starfsferils. Framkvæmd þessa verkefnis er með þeim hætti að Fræðslusetrið Starfsmennt sendir náms- og starfsráðgjafa til þeirra stofnana sem eftir því óska. Boðið verður upp á stuttar hópþykningar og síðan einstaklingsviðtöl á vinnustað fyrir þá starfsmenn sem það vilja. Stofnanir leggja til aðstoðu og fara öll fyrstu viðtöl fram á vinnustað en önnur viðtöl, ef þess þarf, síðar á skrifstofu Starfsmenntar. Náms- og starfsráðgjöf verður þó áfram í boði fyrir alla félagsmenn á skrifstofu Starfsmenntar þar sem veittar eru nánari upplýsingar um framkvæmd verkefnisins.

Jólagleði á Hótel Sögu

Hátt í 300 manns mættu á jólaball SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem haldið var í Súlnasal Hótel Sögu á milli jóla og nýárs. Hljómsveit hússins stýrði fjörinu og naut dyggar aðstoðar frískra barna sem sungu og dönsuðu af krafti. Hápunktur skemmtunarinnar var svo að sjálfsögðu þegar jólasveinarnir birtust.



AÐ GEFNU TILEFNI - Umgengni í orlofshúsum

Undanfarið hefur borið mikið á því að félagsmenn taki hundana sína með sér í orlofshúsin og vill Stjórn Orlofssjóðs SFR ítreka að ALLT DÝRAHALD ER STRANGLEGA BANNAÐ í öllum húsum nema að það sé sérstaklega auglýst (það hefur verið leyfilegt í einu húsi yfir sumartímann). Ástæða bannsins er sú að það þarf ekki mikið til þess að eyðileggja dvöl fyrir félagsmanni sem er með ofnæmi fyrir dýrum, fyrir utan skemmdir sem hafa orðið á húsgögnum og annan óprifnað fyrir utan húsin.

Viðurlög við brotum af þessu tagi eru:

- * Umsjónarmenn hafa heimild til að vísa fólki burt af svæðinu og þá er ekki um neina endurgreiðslu á leigu að ræða.
- * Viðkomandi félagsmaður fær ekki úthlutað húsi næstu 5 ár.
- * Félagsmaður er ábyrgur fyrir skemmdum sem verða á húsum og því sem tilheyrir þeim að utan sem innan.

Langflestir ganga vel um orlofshúsin, en í nokkrum tilvikum hafa félagsmenn séð ástæðu til að kvarta vegna þrifa og slæmrar umgengni. Slíkar kvartanir eru ekki teknar til greina nema umsjónaraðili sé látinn vita strax svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Orlofshúsin eru sameign okkar allra í SFR og nauðsynlegt að við sameinumst um að umgangast þau með því hugarfari að skilja við þau eins og við viljum koma að þeim.

Krossgátu- verðlaunin



Ég segi nú ekki að ég bíði eftir SFR-blaðinu til að geta leyst krossgátuna, en um leið og ég sé blaðið verður mér hugsað til hennar. Ég leysi alltaf gátuna, en sendi hana samt ekki nærri alltaf inn. Þetta segir Bergljót Pétursdóttir, sem var svo heppin að nafn hennar kom upp þegar dregið var úr réttum lausnum á síðustu krossgátu.

Bergljót starfar hjá Umferðarstofu þar sem starf hennar felst aðallega í að forskrá nýja bíla sem fluttir eru til landsins og gefa þeim meðal annars fastanúmer. Aðspurð um hvort nýskráningum bifreiða hafi fækkað segir hún svo ekki vera og að undanförunu hafi hún ekki orðið vör við samdrátt í bílainnflutningi.

Bergljót segist ákveðin í að freista gæfunnar áfram og senda inn lausnina - a.m.k. þegar sá gálinn er á henni.

Laun á krossgátunni var fyrsta ljóðlínan í eftirfarandi vísu Jóhanns Sigurjónssonar.

Sofðu, unga ástin mín,

úti regnið grætur.

Mamma geymir gullin þín,

gamla leggi og völskrín.

Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Páskar 2008 - Umsókn um orlofshús

Úthlutað verður frá mánudegi til mánudags, þ.e. frá 17. - 24. mars og er umsóknarfrestur til og með 8. febrúar nk.

Umsóknir skulu sendar til SFR, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Bréfasími 525-8349.

Einnig er hægt er að sækja um á rafrænu formi á www.sfr.is.

Við úthlutun er farið eftir félagsaldri viðkomandi og fyrri úthlutunum um páska.

Verð fyrir vikuleigu er alls staðar það sama, 21.000 kr.



Umsóknareyðublað - Páskar 2008

Nafn:

Kennitala:

Heimili:

Heimas./GSM:

Póstnr. og sveitarfélag:

Netfang:

Vinnustaður:


Vinnusími:

Óska eftir (merkið 1 fyrir 1. val, 2 fyrir 2. val o.s.frv.):

Arnarstapa (1) Vaðnesi (8) Húsafelli (2) Munaðarnesi (21) Eiðum (4)

Kjarnabyggð (við Akureyri) (1) Akureyri (íbúð)(1) Reykjavík v/Grandaveg(1) Reykjavík v/Sóltún(1)

Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar og úthlutað verður 14. febrúar nk.



	VADA FLJÓT- LIR		OSTOÐ- LIG REIÐ- MENN	FRABATA BÚSSAÐI EINS	STÓLKAN FLAT- BYGGA	ROSKUR HATTA FATA		AUKAST EKKI	BLOM- AST TÓPP	
	→					17		LOGA ALIT- INN		
	SLEN VELEGA VEIÐT		15		RÖMINN RENNSLI					
				TUNGU- MAL SKRAUTI		9		FRA MJÖG		
		OFBÓÐ BORB- ANDI				KJANA HULOU- MANN			DYGGA	
ANDUÐ	↓	ANEGD- AR LYKA		ÖVIRÐA SVIÐAÐ		16	SLITA DÆLD	2		
→			FITLA SPJÓT		VOND FURÐA			KROPP LÖDD- ARA	Y	
FIM GÆFA			3 KERALD SKENS		DRAGÓT ÖSKUR			DREIÐI ÖLM	12	
→		18 LÖGMAL- IA KAKAÞUR						FLAS BARÐGI		
SNJÓ			GANG- FLÖTUR- UND FLÖSTO		A E I		SULD TÓMT	13	HLIFA	
TRITLAR SKAF BAGA				ATORKU KNEPA		TIL		DRYKK- LIR FJÓTLIR		
→			HRÓ METTAR		10	NÍÐ VIÐ- KYEMUR		ÞEST	FLÓKT ÞANEGU	
		TRÖLL SNEMMA	4		ATT EYÐA		LJÓÐ- TÝRUR SKAKKA		SEFA SKOR- DYR	
FIMA- BIL LEIT		ATT SVEIA		ÖXULL STRIT- AR		PLANTA		ÖFNAR		
KONA SAMTALS				TRYLTA HEILSU- TÆP			GJALLA HAUST- LAMB		HORN- MYNDUN	
→			TUSKA SVALL	4	SAR UNNA PYLA		FASTINGA NÝSKA			
TÖNLUST KLISK SVIK		11			GRÖM MEÐ			LYKT NÆÐIÐ	Y	
→		NIREILL HAND- LEGGUR				BOR UM- STANG		ÓTTAST BYING- AR		
			STAKI	KRÓTA BLEYTA	1		ÖNGUL LEIÐA		FRIM- EIND	
ÞJÓTA ÞGENGA HEIÐRI				BÉRA ÞITUNAR- TÆKIS			ÞUKK- AR ÞRÉLL			
→		5	GELTI NAFN- LAUS		SKÓLI KOMAST		YARD- ANDI BÓLAST	GAGN- LEG KYRRÐ	8	DREIFA
KJARRIÐ FRÍÐ- SÖM										
→			GREINDI		STÖNG		NIEGI- LEGT		LEYF IST	

Verðlaunakrossgáta. Krossgátan er fastur liður í SFR blaðinu og verður dregið úr réttum lausnum sem berast fyrir síðasta móttökundag, sem að þessu sinni er 8. febrúar nk. Verðlaunin eru val á milli 9.000 kr. greiðslu eða helgardvalar í orlofshúsi í Vaðnesi/Húsafelli/ Kjarnabyggð/Arnarstapa eða íbúðum á Akureyri og í Reykjavík einhvern tímann á tímabilinu 1. október til 1. maí að undanskildum jólum, áramótum og páskum. Bókstafirnir í tölusettu reitunum mynda fyrstu ljóðlínu í kvæði eftir Einar Benediktsson.n. Nægilegt er að senda svarið sem lausn á krossgátunni, ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri sendanda til SFR, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagíð „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið sfr@sfr.is.

TRYGGT

TRYGGT

TRYGGT

ÓTRYGGT?

ÓTRYGGT?

OKKAR

SPARNADUR MEÐ ÖRORKUVERND FYRIR BÖRN

OKKAR er hvort tveggja í senn örorkutrygging fyrir barnið þitt og sparireikningur sem tryggir fjárhagslega framtíð þess. Bótapættir barnatryggingarinnar eru örorkubætur, dagpeningar vegna sjúkrahússdvalar, umönnunarbætur og dánarbætur.

OKKAR snýst um fjárhagslegt framtíðaröryggi barnsins þíns

Pantaðu tíma hjá ráðgjafa á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

 KAUPÞING

 KAUPÞING LÍF

OKKAR er samstarfsverkefni Kaupþings og Kaupþings Lífs
Kaupþing Líf, Sóltúni 26, 105 Reykjavík